



# ÁRSSKÝRSLA RSÍ FYRIR ÁRIÐ 2013

Sambandsstjórnarfundur Stykkishólmi

9. – 10. maí 2014





ÁRSSKÝRSLA  
RAFIDNAÐARSAMBANDS  
ÍSLANDS fyrir árið 2013  
Sambandsstjórnarfundur Stykkishólmi  
9. – 10. maí 2014





## Efnisyfirlit

Inngangur formanns	5
Stjórnir RSÍ	9
Stjórnir aðildarféлага RSÍ	15
Félagsfundir á starfsárinu	19
Starfsemi skrifstofu RSÍ	19
Fjöldi félagsmanna	22
Atvinnuleysi	22
Mála og skjalastjórnunarkerfi tekið í notkun	23
Stjórnargátt	23
Fundir miðstjórnar	24
Launakönnun 2013	24
Fjölskylduhátíð RSÍ 2013	27
Ferð H-eldri féлага RSÍ	27
Straumlína.is	28
Stefán Ólafur Guðmundsson	28
Orlofskerfið	28
Tjaldsvæða-app	31
Tekjur	31
Fjöldi gesta	32
Fjöldi í einingu (avg)	32
Styrktarsjóður	32
VIRK ráðgjafar á Stórhöfða	33
Lögfræðingur	33
200 Þúsund naglbítar	35
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	35
Sveinspróf	36
Raunfærnimat	36
Rafbókin	36
Ferilbók rafiðnaðarmannsins	37
Starfsemi Rafiðnaðarskólans 2013	37
Aðsóknaryfirlit Rafiðnaðarskólans	39
Aðsókn að Meistaraskóla rafvirkja	39
Ályktanir á starfsárinu	40
Ályktun miðstjórnar vegna kaupaukakerfis fjármálaráðherra	40
Ályktun vegna stöðu kjarasamninga	40
Ályktun vegna kjaraviðræðna	41
Ályktun um verðlagseftirlit	41

# Inngangur formanns



Undanfarið starfsár hefur verið viðburðaríkt að því leyti að annir hafa verið miklar í kjaramálum. Árið 2013 hófst með endurskoðun kjarasamninga þar sem rauð strik voru almennt í kjarasamningum. Í kjölfar endurskoðunar var ákveðið að framlengja kjarasamningum líkt og kjarasamningar gerðu almennt ráð fyrir en tímalengd þeirra var stytta. Kjarasamningar áttu upphaflega að gilda út janúar 2014 en sökum stöðunnar var ákveðið að þeir yrðu styttir til 30. nóvember 2013.

Ástæða þess að menn töldu styttingu vænlega var sú að forsendur kjarasamninganna héldu, kaupmáttur hafði aukist þó lítið hafi verið. Verðbólga var við þau mörk sem miða átti við en einkar lítið fór fyrir efnisþróun ríkisstjórnarinnar í hinum ýmsu málum. Vildu menn forða því að kjaraviðræður blönduðust inn í alþingiskosningar sem þá voru á næsta leyti.

En þrátt fyrir að kjarasamningar hefðu haldið gildi sínu þá var ekki svo að aðilar hefðu ákveðið að bíða í eitt ár eftir næstu lotu, aðilar hófu nefnilega vegferð næstu samningalotu með því að greina stöðuna í sameiningu. Farin var ferð til Norðurlandanna þar sem Ríkissáttasemjari leiddi vinnu við greiningu á hinu „Norræna samningamódeli“ ef slíkt kerfi væri til. Oft hefur komið fram í umræðuna hvernig launaþróun hefur verið hjá Rafidnaðarsambandinu frá stofnun þess. Laun hjá okkur hafa hækkað um ríflega 3.300-3.600% frá 1970 en hjá frændum okkar Dönnum hafa laun eingöngu hækkað um 330% eða þar um bil. Á sama tíma hefur kaupmáttur frænda okkar samt sem áður aukist meira en hjá okkur.

Gefin var út viðamikil skýrsla um samningamódel hinna Norðurlandanna. Kom í ljós að það er ekki til neitt eitt „Norrænt samningamódel“ en þó er að finna fjölmarga þætti sem sameiginlegir eru hjá nágrönnum okkar. Mikill agi í efnahagsstjórnunum landanna myndar ákveðinn grunn að stöðugleika þeirra efnahagskerfa. Á þessum grunni getur launafólk sætt sig við hóflegar launahækkanir á hverju ári því ákveðin vissa er fyrir því að verðbólga muni ekki æða upp.

Aðilar meta í sameiningu hversu mikið svigrúm útflutningsgreinar landanna hafa til

launahækkana og mótar það svigrúm þær launahækkarnir sem vinnumarkaðurinn fylgir. Launahækkarnir hópa fara ekki út fyrir þetta svigrúm svo neinu nemi. Opinberir starfsmenn fylgja síðan launapróun á almennum vinnumarkaði að því leyti að laun opinberra starfsmanna hækka um 80% af hækkun launavísitölu líðandi tímabils. Með þessu móti er tryggt að hópar dragist ekki aftur úr.

Á sambærilegum grunni var farið í kjaraviðræður hér á landi í lok árs 2013 eftir nokkuð stíf fundarhöld með baklandi RSÍ, trúnaðarmönnum, stjórnnum og samninganefndum. Ákvörðun um að fara þá leið að sættast á hóflegar launahækkarnir, gegn því að allur vinnumarkaður fylgdi, var erfið. Það var með miklum semingi samninganefndir RSÍ féllust á þessa vegferð. Ríkisvaldið hafði lýst því yfir að þeir gerðu hvað þeir gætu til að tryggja að allir fylgdu með í vegferðina enda gríðarlega stórt hagsmunamál fyrir stjórnvöld, að halda stöðugleika og verðbólgu lágri.

Aðilar sáu glitta í lægri verðbólgu handan við hornið ef tækist að þrýsta á verslunareigendur, ríkið og sveitarfélög að fallið yrði frá gjaldskrárhækkunum um áramótin. Umræðan í janúar og febrúar leiddu til þess að raunverulega tókst að draga úr ársverðbólgu. Verðlagsbreytingar í janúarmánuði (desember – janúar) sýndi það og sannaði að átakið hafði eitthvað að segja enda lækkaði verðlag um 0,7% á milli mánaða og ársverðbólga var komin niður í 3,5%. Febrúar mæling sýndi enn frekari árangur en þá hækkaði verðlag um 0,67% á milli mánaða og ársverðbólga var komin niður í 2,2%.

Það gekk ekki stóráfallalaust að koma kjarasamningum í gegn hjá RSÍ því almenni samningurinn var felldur í atkvæðagreiðslu í janúar. Megn óánægja var með samninginn enda hafði fjölmiðlaumræða um kjarasamninginn verið afar grimm og iðulega talað gegn kjarasamningunum. 52% aðildarféлага ASÍ voru með samþykktu kjarasamninga en 48% með fellda samninga.

Við tóku því samningaviðræður sem gáfu það til kynna að sú leið sem hafði verið mótuð myndi halda alla leið og meira yrði ekki gert án mikilla átaka. Ríkissáttasemjari lagði fram sáttatillögu í máli þeirra aðildarféлага ASÍ sem vildu gangast að tillögunni. Sáttatillagan fól það í sér að orlofs- og desemberuppbætur hækkuðu um samtals 30.000 kr. til viðbótar við 2,8% hækkun sem þá þegar hafði staðið til boða. Þessu til viðbótar kæmi eingreiðsla upp á 14.600 kr. fyrir janúarmánuð og gildistími kjarasamninganna var lengdur um 2 mánuði.

Haft var eftir forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar að þeir myndu tryggja að allir fylgdu með í vegferðinni. Þó nokkur umræða spannst um stöðu kennara en háværar kröfur voru um leiðréttingar þar, líkt og hjá fleiri hópum. Látið var í veðri vaka að ríkið myndi standa við þá línu sem teiknuð hafi verið og færu kennarar í verkfall þá yrði það verkfall langt líkt og um aldamótin.

Það er skemmst frá því að segja að sá aðili sem lagði hvað mesta áherslu á að fara stöðugleikaleiðina, ríkið, gaf hvað mest eftir. Nú sjáum við að samningur framhaldsskólakennara gefur þeim launahækkun upp á tæp 16% á samningstíma okkar en þó er að finna launahækkunina 2,8% í upphafi samningstímans. Á þessu ári koma



síðan til ákveðnar breytingar á starfsumhverfi kennara en skil á kennslu og prófa-tímabili fellur niður og kennslutímabilið lengist væntanlega um 5 daga á þessu ári án þess að vinnuskylda aukist. Þetta þýðir í raun og veru að ef kennarar þurfa að vinna lengur á hverri önn þá er greidd yfirvinna fyrir þá vinnu.

Mögulegt verður þó að í lok febrúar 2015 muni koma til framkvæmda kerfisbreytingar sem geta breytt vinnuumhverfi kennara að einhverju leyti. Kennarar þurfa að greiða atkvæði um það hvort þeir sættist á slíkar breytingar og munu laun hækka verulega í kjölfarið umfram þær hækkanir sem þá þegar eru komnar til framkvæmda.


Það er ljóst að sú vegferð sem við hófum í desember var ekki að skapa þjóðarsátt um laun kennara.

Rafidnaðarmenn þurftu á launaleiðréttingum að halda en tóku meðvitað ákvörðun um að reyna að tryggja lága verðbólgu og aukinn kaupmátt í hægum skrefum. Þau tíðindi sem fram koma nú gefa okkur tilefni til þess að sækja okkar leiðréttingar í næstu samningalotu á almennum vinnumarkaði sem og þeim sérkjarasamningum sem ekki hefur verið lokið við núna. Félagsmenn okkar munu ekki sætta sig við það að sitja eftir á meðan aðrir hópar sækja leiðréttingar. Við reyndum þá leið að tryggja lága verðbólgu en viðleitni annarra hópa gefur ekki tilefni til annars en að sækja fram með þeim afleiðingum sem það mögulega hefur á verðlag.

Unnið verður að því á þessu ári að undirbúa gerð næstu samninga en í fyrsta skipti hefur viðræðuáætlun næstu kjarasamninga verið skrifuð í kjarasamning og ætla aðilar sér að nýta samningstímamann til þessarar vinnu. Gera má ráð fyrir því að dusta þurfi rykið af vinnudeilusjóði RSÍ og mun stjórn sjóðsins þurfa að taka til starfa fljótlega.

Áfram verður unnið að því að efla tengsl við félagsmenn með opnum félagsfundum líkt og á undanfögnu starfsári þó svo að ólíklegt verði að fleiri fundir verði haldnir en á því síðasta. Stefna RSÍ er að ná fleiri fundum á vinnustöðum félagsmanna okkar því ef fram koma óskir félagsmanna um fund þá hefur skrifstofan iðulega orðið við því og starfsmenn sambandsins mætt á staðinn.









## Stjórnir RSÍ:

### Framkvæmdastjórn:

Formaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV

Varaformaður: Stefán Sveinsson, FÍR

Ritari: Helgi Jónsson, RFN

Gjaldkeri: Jens Ragnarsson, FÍR

Meðstjórn:

Grétar Birkir Guðmundsson, FÍS

Jakob Tryggvason, FTR

Sigurður Sigurðsson, FÍR

### Miðstjórn:

#### Aðalmenn:

Andri Jóhannesson, FRV

Bára Halldórsdóttir, FRV

Einar Kristinsson, FSK

Haraldur Arnbjörnsson, RFS

Guðrún S. Bergþórsdóttir, FÍS

Hafliði Sívertsen, FTR

Jón Ingi Skúlason Öfjörð, FÍR

Júlía Þórðardóttir, FÍR

Eva K. Benjamínsdóttir, FÍS

Ómar Baldursson, FRS

Svanborg Hilmarsdóttir, RSÍ-UNG

Sigurjón Ingvarsson, FÍR

Sighvatur Daníel Sighvatz, FÍR

#### Varamenn:

Brynjar Ingi Magnússon, FÍS

Brynjar Svansson, FÍR

Davíð E. Sigmundsson, FRV

Eiríkur Sigurðsson, FÍR

Birna Dögg Gränz, FÍS

Finnur Víkingsson, RFN

Jón Óskar Gunnlaugsson, RFS

Jón Ólafur Halldórsson, FÍR

Sigurjón Ólason, FTR

Steinar Guðjónsson, FRS

Þórunn Stefanía Jónsdóttir, FRV

Snorri Jónsson, RSÍ-UNG

### Sambandsstjórn:

#### Aðalmenn:

Anna Sigríður Melsteð, FTR

Árni H. Jóhannsson, FÍS

Birna Dögg Gränz, FÍS

Bjarni Þór Ólafsson, FÍR  
Björn Ágúst Sigurjónsson, FÍR  
Björn Eysteinnsson, FRV  
Guðmundur Gunnarsson, FÍR  
Guðmundur Helgi Loftsson, FÍR  
Guðmundur Sigurðsson, FÍS  
Gústaf Eggertsson, RFN  
Haukur Ágústsson, FRV  
Ísleifur Tómasson, FÍR  
Jón Hafsteinn Jóhannsson, RSÍ-UNG  
Karl Hrólfsson, RFS  
Kári Snædal, RSÍ-UNG  
Rúnar Bachmann, FÍR  
Þorsteinn Ú. Björnsson, FTR  
Þorvaldur Þorvaldsson, FRS

**Varamenn:**

Aðalsteinn Stefánsson, FÍR  
Ármann H. Guðmundsson, FRV  
Arnmundur Sigurðsson, RFS  
Frantz Adolph, FÍR  
Gestur Bjarnason, FÍR  
Guðmundur Ingi Geirsson, RFN  
Hafþór Ólafsson, FTR  
Halldóra Stefánsdóttir, FÍS  
Haraldur H. Jónsson, FÍR  
Helgi Guðmundsson, FRS  
Helgi Þorvaldsson, FÍR  
Ívar Baldvin Júlíusson, RSÍ-UNG  
Kristín Ósk Óskarsdóttir, FÍS  
Óskar Hlíðar Jónsson, FÍR  
Páll Sveinn Guðmundsson, FTR  
Páll Viggósson, FÍR  
Páll Þór Vilhelmsson, RSÍ-UNG  
Vagn Jóhannes Jónsson, FRV

**Starfsnefndir miðstjórnar:****Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarfélaga:**

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarfélaga:  
Stefán Ó. Guðmundsson (Ísleifur Tómasson e. 21. maí 2013)

**Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga:**

Ísleifur Tómasson, Sigurður Geirsson og Birna Birgisdóttir

**Launanefnd RSÍ:**

Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson, Sigurður Sigurðsson og Jens Ragnarsson



**Laga- og skipulagsnefnd RSÍ:**

Rúnar Bachmann, Haraldur Arnbjörnsson og Jakob Tryggvason

**Orlofsnefnd RSÍ:**

Sigurður Sigurðsson, Einar Kristinsson, Sighvatur Daníel Sighvatz og Bára Halldórsdóttir

**Golfnefnd:**

Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Einar Hafsteinsson, Helgi Einarsson og Viðir Tómasson

**Stjórn Rafiðnaðarskólans:**

Sigurður Sigurðsson (form. sv.pr.nefndar)  
 Ásvaldur Kristjánsson

**Stjórn Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi:**

Björn Ágúst Sigurjónsson

**Stjórn Einarsstaða:**

Björn Ágúst Sigurjónsson

**Stjórn Ölfusborga:**

Ísleifur Tómasson

**Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs:**

Ísleifur Tómasson, Björn Eysteinnsson og Guðrún Guðmundsdóttir

**Ákvæðisvinnunefnd rafiðna:**

Tómas Bjarni Tómasson og Þorvarður Hjaltason

**Stjórn Verkiðnar:**

Björn Ágúst Sigurjónsson

**Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík:**

Björn Ágúst Sigurjónsson  
 Ísleifur Tómasson

**Skoðunarmenn:**

Anna Sigríður Melsteð  
 Haukur Ágústsson  
 Til vara: Árni H. Jóhannsson

**Stjórnarnamenn Stafa kosnir til tveggja ára á 17. þingi RSÍ 2011:**

Guðmundur Gunnarsson aðalmaður  
 Jakob Tryggvason aðalmaður  
 Bára Halldórsdóttir varamaður  
 Svanborg Hilmarsdóttir varamaður



**Kjörnefnd Stafa lífeyrissjóðs:**

Hermann Lúðvíksson

Til vara: Gestur V. Bjarnason

**Stjórn og nefndir ASÍ:****Miðstjórn ASÍ:**

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Til vara: Jens Heiðar Ragnarsson

**Alþjóðanefnd:**

Helgi Jónsson

Til vara: Björn Eysteinnsson

**Atvinnumálanefnd:**

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Til vara: Björn Eysteinnsson

**Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:**

Ísleifur Tómasson

Til vara: Bára Halldórsdóttir

**Menntanefnd:**

Stefán Sveinsson

Til vara: Júlía Björk Þórðardóttir

**Efnahags- og skattanefnd:**

Björn Ágúst Sigurjónsson

Til vara: Georg Georgsson

**Lífeyris- og veikindaréttarnefnd:**

Stefán Sveinsson

Til vara: Svanborg Hilmarsdóttir

**Skipulags- og starfsháttanefnd:**

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Til vara: Guðrún S. Bergþórsdóttir

**Velferðarnefnd:**

Ísleifur Tómasson

Til vara: Kristín Þóra Benediktsdóttir

**Vinumarkaðsnefnd:**

Björn Ágúst Sigurjónsson

Til vara: Þórunn Stefanía Jónsdóttir

**Umhverfisnefnd:**

Porsteinn Úlfar Björnsson

Til vara: Björn Eysteinnsson

Tilnefndur af miðstjórn ASÍ:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

**Listasafn ASÍ:**

Kristján Þórður Snæbjarnarson

**Fulltrúaráð Starfsendurhæfingarsjóðs:**

Ísleifur Tómasson

**Vísinda og tækniráð:**

Kormákur Hlini Hermannsson



**Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans:**

Sigurður Sigurðsson  
Ásvaldur Kristjánsson

**Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins:**

Ísleifur Tómasson  
Andri Jóhannesson

**Starfsgreinaráð rafiðnaðarins****Aðalmenn:**

Svanborg Hilmarsdóttir, rafvirki  
Sigurður L. Björgvinsson, símsmiður  
Helgi B. Þorvaldsson, rafveituvirki

**Varamenn:**

Þórunn Stefanía Jónsdóttir, rafeindavirki  
Jakob Tryggvason, tæknimaður  
Stefán Sveinsson, rafvirki

**Stjórnir og nefndir erlendis****Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF):**

Þar situr formaður hvers lands fyrir sig.

**Arbejdsmiljø NEF:** Ísleifur Tómasson

**Menntanefnd NEF:** Stefán Sveinsson (kjörinn á þingi NEF 15. janúar 2013)

Sigurður Geirsson til þess dags.

**Arbejdsmiljø NBTF:** Ísleifur Tómasson

**Varamaður í stjórn NBTF:** Kristján Þórður Snæbjarnarson

**Stjórn EBTF:** Kristján Þórður Snæbjarnarson

**Stjórn UNI-ICTS:** Grétar Birkir Guðmundsson

**Varamaður:** Björn Eysteinnsson





## Stjórnir aðildarféлага RSÍ

### Félag íslenskra rafvirkja

**Formaður:** Jens Heiðar Ragnarsson

**Varaformaður:** Sigurjón Ingvarsson

**Ritari:** Sigurður Sigurðsson

**Gjaldkeri:** Jón Ólafur Halldórsson

#### Meðstjórn:

Jón Ingi Öfjörð

Eiríkur Sigurðsson

Bjarni Þór Ólafsson

### Félag rafeindavirkja

**Formaður:** Eyjólfur Ólafsson

**Varaformaður:** Hörður Bragason

**Ritari:** Davíð E. Sigmundsson

**Gjaldkeri:** Andri Jóhannesson

#### Meðstjórn:

Haukur Ágústsson

Þórarinn Ólafsson

Örn Kristinsson

### Félag íslenskra símamanna

**Formaður:** Grétar Birkir Guðmundsson

**Ritari:** Birna Dögg Granz

**Gjaldkeri:** Guðrún S. Bergþórsdóttir

#### Meðstjórn:

Eva Benjamínsdóttir

Jón Hafsteinn Jóhannsson

### Rafiðnaðarfélag Norðurlands

**Formaður:** Helgi Jónsson

**Varaformaður:** Finnur Víkingsson

**Ritari:** Guðmundur Ingi Geirsson

**Gjaldkeri:** Gústaf Eggertsson

#### Meðstjórn:

Árni Skarphéðinsson

Sigurður Hjaltason

**Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi****Formaður:** Ómar Baldursson**Varaformaður:** Steinar Guðjónsson**Ritari:** Þorvaldur Þorvaldsson**Gjaldkeri:** Birgir Sigurjónsson**Meðstjórn:**

Jóhann Bjarnason

Helgi Guðmundsson

**Rafiðnaðarfélag Suðurnesja****Formaður:** Haraldur L. Arnbjörnsson**Varaformaður:** Jón Óskar Gunnlaugsson**Ritari:** Guðni Ingimundarson**Gjaldkeri:** Karl Hrólfsson**Meðstjórn:**

Helgi Hilmarsson

**Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús****Formaður:** Einar Ágúst Kristinsson**Ritari:** Atli Már Sigurjónsson**Gjaldkeri:** Rúnar Páll Brynjúlfsson**Meðstjórn:**

Gunnar Ásgeirsson

Kristinn Einarsson

**Félag tæknifólks í rafiðnaði****Formaður:** Jakob Tryggvason**Varaformaður:** Hafliði Sívertsen**Ritari:** Hafþór Ólafsson**Gjaldkeri:** Páll Sveinn Guðmundsson**Meðstjórn:**

Sigurjón Ólason

**RSÍ-UNG****Formaður:** Svanborg Hilmarsdóttir

Ívar Baldvin Júlíusson

Jón Hafsteinn Jóhannsson

Kári Snædal

Páll Þór Vilhelmsson

Snorri Jónsson









## Félagsfundir á starfsárinu

Á starfsárinu 2013 - 2014 voru haldnir samtals 26 opnir félagsfundir þar sem mál-efnin voru iðulega kjaramál, undirbúningur kröfugerðar og skoðanakönnunar vegna kjarasamninga og kynning á kjarasamningum. Félagsfundir hjá RSÍ og aðildarfélögum eru iðulega mjög vel sóttir og má t.d. nefna að á fundi í Reykjavík í janúar 2014 mættu 130 félagsmenn. Á Akureyri mæta oft á milli 30 og 40 manns. Samtals má áætla að 700 - 800 félagsmenn hafi sótt alla fundi sem haldnir voru á starfsárinu.

Áhersla hefur einnig verið lögð á að heimsækja félagsmenn á vinnustöðum, en oft óska félagsmenn eftir því að við mætum á staðinn til þess að ræða hin ýmsu mál-efni. Formaður RSÍ hefur mætt á byggingasvæði þar sem félagsmenn hafa verið að störfum og hafa málin verið rædd í þaula. Má þar nefna vinnustaðaheimsóknir í kjölfar þess að kjarasamningur RSÍ - SA/SART var felldur í atkvæðagreiðslu í janúar 2014 en þá voru félagsmenn afar ósáttir við störf okkar. Eftir fund á vinnustöðum fengum við betri mynd af stöðunni og tókum við gagnrýninni og gerðum endurbætur á því sem átti við rök að styðjast en einnig þurfti að útskýra atriði sem rangt var farið með og voru aðilar sáttir eftir samtalið.

Samtals voru haldnir 15 óformlegir fundir á vinnustöðum þar sem félagsmenn óskuðu eftir komu okkar eða þar sem við vildum fjalla um ákveðin málefni. Það má því segja að fundir með félagsmönnum, aðrir en beinir samningafundir, hafi verið þó nokkuð margir eða 41 talsins.

19

## Starfsemi skrifstofu RSÍ

Rekstur RSÍ hefur gengið nokkuð vel á starfsárinu. Verkefni hafa verið fjölmörg enda afar fjölbreytt starfsemi sem skrifstofan sinnir. Kjaramálin hafa verið mjög fyrirferðarmikil þetta árið enda kjarasamningar lausir undir lok ársins. Stefna var tekin síðasta vor að vinna þyrfti vel að undirbúningi kjarasamninganna og hófst sú vinna snemma sumars. Haldinn var fundur með öllum trúnaðarmönnum aðildarfélaga RSÍ þann 4. október og farið yfir stöðu mála.

Launaþróun undanfarinna ára var greind og farið var yfir niðurstöður skoðanakönnunar sem þá hafði verið framkvæmd á meðal félagsmanna. Nokkur nýbreytni var höfð við framkvæmd þessarar skoðanakönnunar en félagsfundir víðsvegar um landið voru haldnir þar sem farið var yfir mögulegar spurningar sem spyrja átti. Félagsmenn fengu þar tækifæri til þess að bæta við spurningum, breyta orðalagi eða fella niður spurningar. Fundirnir voru ágætlega sóttir og komu fram ýmsar ábendingar til okkar vegna þessa. Það veganesti sem félagsmenn komu með á fundunum sem og niðurstöður skoðanakönnunar skilaði sér inn í þá vegferð sem við hófum á haustmánuðum.

Undir lok árs 2013 sáu menn glitta í möguleika á því að verðbólga væri að ganga niður þrátt fyrir að verðbólguþáttur væri til kynna að verðbólga myndi aukast eftir gerð kjarasamninga, þar miðuðu spár við að launaþróun yrði í samræmi við und-

anfarin ár eða laun myndu hækka um að minnsta kosti 6%. Verðbólga yrði því áfram í kringum 4% út árið. Viðræður við stjórnvöld „hófust“ um stöðu efnahagsmála og hvert innlegg þeirra gæti orðið til þess að ná verðbólgu niður. Í kosningabaráttunni hafði landsmönnum verið lofuð skattalækkun ásamt niðurfellingum skulda án þess að skattalækkanir hafi verið útfærðar. Mönnum þótti ekki nóg að vita að skattar ættu að lækka heldur skipti þar miklu máli að vita hvaða hópur ætti að fá lækkunina.

Í ljós kom að launahæsti hópurinn átti að njóta lægri skatta en millitekju og lág-launahóparnir áttu hins vegar að fá lítið eða ekki neitt. Aðilar voru að sjálfsögðu afar ósáttir við þá niðurstöðu enda var ljóst að þeir tekjuhæstu voru í bestu stöðunni og í raun miklu meiri þörf fyrir lækkun skatta hjá þeim tekjulægri. Úr varð að ríkisstjórnin féllst á breytingu á fyrirhuguðum skattabreytingum á þann veg að þeir tekjulægri fengju einhvern ávinning af breytingunum og millitekjuhópurinn naut breytinganna betur en ella. Hins vegar hefði mátt huga betur að þeim allra tekjulægstu en sá hópur fékk þó hærri launahækkanir, hlutfallslega, en aðrir hópar.

Á fundi sem boðað var til þann 3. desember 2013 með samninganefndum RSÍ var farið yfir þann möguleika að fara samræmda leið í stað þess að allir hópar næðu fram leiðréttingum á sínum launakjörum sem hefði í för með sér meiri verðbólgu. Það væri til mikils að vinna með því að ná að halda verðbólgu lágri en samt sem áður ná fram auknum kaupmætti. Ljóst var að kaupmáttaraukning yrði ekki talin í mörgum prósentum heldur í besta falli hluta úr prósentu. Var það erfið ákvörðun að taka og voru mikil skoðanaskipti á meðal samninganefndarmanna. Menn rifjuðu upp hvernig fjölmargir hópar leiðréttu laun sín á árum áður, t.d. 2004, en þar tókst mörgum hópum að leiðrétta laun sín en þegar nánast allir höfðu leiðrétt sig þá sátu þeir á sama stað í heildarmyndinni en í hærri verðbólgu. Í ljósi þessa var ákveðið að láta á þetta reyna, stíga eitt skref, gera stuttan kjarasamning þar sem launahækkanir yrðu hóflegar, farið yrði í vinnu með atvinnurekendum og stjórnvöldum að vinna að breytingum á peningastefnu stjórnvalda sem myndi byggja grunn fyrir aðila vinnumarkaðarins til að gera kjarasamninga til lengri tíma.

Aðilar vinnumarkaðarins tóku þá ákvörðun að setja viðræðuáætlun vegna næstu kjaraviðræðna inn í kjarasamninginn og setja sér tímasett markmið á samningstíma, ákveðið var að sérkröfur kæmu fram tæpum mánuði eftir að kjarasamningar yrðu samþykktir, unnið yrði sameiginlega að því að meta launaþróun undanfarinna ára og leggja mat á mögulegt svigrúm til launahækkana næsta árs. Hagstofa Íslands myndi keyra sérkeyrslur úr gagnagrunni sínum sem myndu nýtast til þessarar vinnu. Viðræður um launaliðinn hefðust um miðjan október (samkvæmt upphaflegum kjarasamningi). Það er því til mikils að vinna að setja viðræður inn á friðarskyldutíma og að aðilar gefi sér þann tíma sem nauðsynlegur er til samningaviðræðna.

Skrifað var undir kjarasamninga á vettvangi ASÍ þann 21. desember 2013 en um var að ræða samræmdan kjarasamning á meðal allra aðildarfélaga ASÍ að flugfreyjum og mjólkurfræðingum undanskyldum. Öll önnur félög og sambönd innan ASÍ sammæltust um að ganga frá samningum. Þá veittu til að mynda öll aðildarfélög Starfsgreinasambandsins (SGS) sambandinu samningsumboð sitt og drógu



Það ekki til baka þrátt fyrir að hafa fulla vitneskju um í hvað stefndi. Töluverð óánægja varð um kjarasamningana og umfjöllun í fjölmiðlum byggðist á óánægju-uröddum en erfiðlega gekk að koma jákvæðri umfjöllun að. Fór svo að kjarasamningur RSÍ - SA/SART var hafnað í atkvæðagreiðslu og upphófst vinna við að meta stöðuna. Send var út skoðanakönnun til félagsmanna þar sem þeir voru spurðir álit á því hverju þyrfti að breyta. Niðurstöður skoðanakönnana eru sýndar síðar í skýrslunni.

Styrktar- og sjúkrasjóður hefur verið vel nýttur en stór hluti daglegs reksturs skrifstofu RSÍ er fyrir sjúkrasjóðinn enda fjölmargar umsóknir sem berast í hverjum mánuði annars vegar vegna sjúkradagpeninga en einnig vegna ýmissa styrkja. Fjöldi umsókna um styrki voru 2.217 þar af eru flestar umsóknir um líkamsræktarstyrki.

Fjöldi umsókna um sjúkradagpeninga voru 235 en sjúkradagpeningar eru gríðarlega mikilvægir fyrir okkar félagsmenn enda eru þeir greiddir út þegar félagsmenn missa tekjur hjá vinnuveitanda sökum veikinda. Í dag er hámark sjúkradagpeninga 80% af launum viðkomandi félagsmanns en þó að hámarki 485.355 kr. Greiddir eru dagpeningar í allt að 6 mánuði en þó með möguleika á lengingu um aðra 6 mánuði í erfiðustu veikindunum. Nánar er fjallað um styrktar- og sjúkrasjóð síðar í skýrslunni.

Þó nokkur tími fer í umsjón með orlofskerfi RSÍ enda eigum við mikinn fjölda orlofshúsa sem nauðsynlegt er að sinna. Umsjónarmaður sinnir verkefnum sem tengjast viðhaldi orlofshúsa en þá helst á Skógarnesi. Skrifstofa RSÍ sér um utanumhald pantana og annað skipulag sem vinna þarf að svo allt gangi vel fyrir sig.

Utanumhald utan um félaga aðildarfélagana RSÍ er þó nokkuð mikið, nauðsynlegt er að lesa inn skilagreinar sem sendar eru frá atvinnurekendum til Stafa lífeyrissjóðs, en Stafir sjá um innheimtu iðgjalda RSÍ. Þó nokkuð miklir hnökrar hafa komið upp á undanförunum árum þegar þessar upplýsingar eru lesnar á milli kerfa og hefur það valdið starfsmönnum RSÍ þó nokkrum vandræðum og fer óeðlilega mikill tími í slíka vinnu. Nauðsynlegt er að halda utan um stöðu félagsmanna, samskipti við félagsmenn og annað sem skráð er í félagakerfið.

Á síðasta ári hófum við útsendingar á upplýsingum til nýrra félagsmanna, óskað er eftir helstu upplýsingum eins og tölvupóstfangi, símanúmer og svo framvegis. Á haustmánuðum hófum við að senda út bréf til þeirra félagsmanna sem eru að falla út af félagaskránni vegna þess að greiðslur hafa ekki borist í tiltekinn tíma. Oft á tíðum er þetta sökum þess að félagsmenn hafa ráðið sig til nýrra starfa og hætta í RSÍ en glettilega oft er þetta vegna þess að vinnuveitandi hefur ekki skilað inn skilagreinum af viðkomandi. Ef of langur tími líður frá síðustu skilagrein þá verður viðkomandi félagsmaður óvirkur. Einnig hefur það komið upp að þegar félagsmaður skiptir um vinnu að nýr vinnuveitandi greiðir ekki í það félag sem viðkomandi starfsmaður óskar eftir. Verstu tilfelli eru þannig að vinnuveitandi greiðir ekki í neitt félag af viðkomandi. Við þetta missa starfsmenn öll réttindi og lendi þeir í alvarlegum veikindum þá tapa þér rétti til sjúkradagpeninga.



Sú ákvörðun að senda út bréf til þessa hóps hefur komið í veg fyrir slík mál og eru félagsmenn almennt ánægðir með að fá þessi bréf þó svo það geti vissulega oft valdið óþarfa áhyggjum viðkomandi.

### Fjöldi félagsmanna

Félagsmönnum hefur fækkað örlítið á milli ára en árið 2012 voru félagsmenn í aðildarfélögum RSÍ samtals 4.960 talsins en árið 2013 voru þeir samtals 4.918 en það er fækkun um 0,8%. Mesta fækkunin var í félagi íslenskra símamanna en fjöldi fór úr 799 niður í 684 en það er fækkun upp á ríflega 14%. Þrátt fyrir þessa fækkun félagsmanna þá hafa tekjur félaganna aukist um 7,3% á milli árunna 2012 og 2013 en það segir okkur þá væntanlega að heildarlaun okkar félagsmanna hækkuðu um ríflega 7,3% á sama tíma sýnir launakönnun RSÍ að heildarlaun hækkuðu frá september 2012 til september 2013 um 7,8%. Þetta þýðir þó ekki að dagvinnulaun hafi hækkað með sama hætti en samkvæmt launakönnun hækkuðu dagvinnulaun um 3,9%. Þetta segir okkur að yfirvinnutímum hefur fjölgað á milli ára.

### Fjöldi félaga

	Gr.andi 2010	Gr.andi 2011	Gr.andi 2012	Gr.andi 2013
<b>RSÍ</b>	4766	4995	4950	4918
<b>FTR</b>	886	1123	1210	1285
<b>RFN</b>	190	197	192	183
<b>FÍR</b>	1572	1798	1777	1773
<b>FRV</b>	723	739	730	730
<b>FRS</b>	122	125	122	117
<b>RFS</b>	102	110	103	111
<b>FÍS</b>	946	869	799	684
<b>FSK</b>	33	28	30	27

### Atvinnuleysi

Undanfarið starfsár hefur atvinnuleysi gengið nokkuð niður en þegar fæstir félagsmanna RSÍ voru í atvinnuleit, í desember 2013, voru það samtals 52 einstaklingar sem leituðu atvinnu. Það sem af er árinu 2014 hefur fjölgað um 4 í atvinnuleit og er sú fjölgun öll í félagi tæknifólks í rafiðnaði. Töluverður fjöldi fyrrverandi félagsmanna hefur farið til starfa í erlendis og þá sérstaklega í Noregi og berast skrifstofu fréttir af því nánast vikulega að félagsmenn séu að hefja störf ytra. Engar haldbærar skráningar eru haldnar vegna Íslendinga sem flytjast til útlanda eða hver menntun þeirra er en það gerir það að verkum að ómögulegt er að halda saman upplýsingum um þann fjölda sem við missum úr landi í okkar greinum.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins hefur haldið utanum skráningu á þeim fjölda sem sækir aðstoð vegna þýðingar á sveinsbréfum yfir á skandinavísku en frá Hruni má áætla að sá fjöldi sé á bilinu 500 - 600 rafiðnaðarmenn, langflestir þeirra eru rafvirkjar. Þessar tölur segja okkur hins vegar ekki hversu margir hafi í raun farið til útlanda né hvort þeir séu enn að störfum þar. Það gefur auga leið að hefjist stærri verkefni hér heima án styrkingar íslensku krónunnar þá mun skorta verulega fagmenntað starfsafl til slíkrar uppbyggingar. Gera má ráð fyrir að þær fjölskyldur sem hafa flust búferlum til nágrannalanda okkar komi ekki í nánustu framtíð heim aftur enda hafa þær fengið að upplifa önnur lífsgæði í öðru landi með þeim stöðugleika sem þar er að finna.





Atvinnu- leitendur	Ág '09	Mar '10	Júní '11	Nóv '11	Jan '12	Sept '12	Apr '13	Okt '13	Nóv '13	Des '13	Jan '14	Feb '14
F032	5	7	2									
F052	5	4	3									
F054	102	85	66	51	51	35	23	17	13	12	16	18
F432		3	3	2	33	0	0	0		0		
F433	77	64	52	30	28	25	29	18	16	15	15	14
F434	30	35	19	19	19	15	10	15	14	13	13	13
F438		2	3	4	4	0	1	0	0	0	1	1
F439		1	3	3	1	1	0	1	1	1		
F636		12	13	15	18	15	13	12	9	9	8	9
F961	1	0	1	0	1	1	1	2	2	2	2	1
	220	213	165	124	125	92	77	65	55	52	55	56
	<b>4203</b>	<b>4766</b>	<b>4995</b>	<b>4995</b>	<b>4960</b>	<b>4960</b>	<b>4960</b>	<b>5005</b>	<b>5005</b>	<b>5004</b>	<b>4950</b>	<b>4908</b>
	<b>5.2%</b>	<b>4.5%</b>	<b>3.3%</b>	<b>2.5%</b>	<b>2.5%</b>	<b>1.9%</b>	<b>1.6%</b>	<b>1.3%</b>	<b>1.1%</b>	<b>1.0%</b>	<b>1.1%</b>	<b>1.1%</b>

Taflan sýnir þróun atvinnuleysis frá 2009

### Mála og skjalastjórnunarkerfi tekið í notkun

Í apríl 2014 var unnið að því að taka í notkun mála og skjalastjórnunarkerfið Core-Data. Kerfið er íslenskt, hannað og þróað af fyrirtækinu Gagnavörslunni sem mun heita Azazo enda sækir fyrirtækið á erlend mið með kerfið og þykir heitið Gagnavarslan ekki nægilega þjálft á ensku. Kerfið er að öllu leyti keyrt í gegnum vefþjónustu og eru allar upplýsingar hýstar í samræmi við ytrustu öryggiskröfur í tölvumálum. Uppsetning kerfisins er á þann hátt að mjög auðvelt er að nálgast þær upplýsingar sem vantar hverju sinni, góð leitarvél er í kerfinu og tenging við félagakerfi RSÍ þar sem félagatal er lesið á milli kerfa.

Kerfið gerir það að verkum að mögulegt er að halda utan um málefni starfsemi RSÍ að öllu leyti en jafnframt munu starfsmenn skrá þau mál sem berast skrifstofu og nauðsynlegt er að fylgja eftir með frekari viðbrögðum. Því auðveldar þetta upplýsingaflæði á milli starfsmanna og tryggir þar með betri þjónustu við félagsmenn. Samhliða upptöku þessa kerfis verður farið í betri skjalastjórnun pappírsskjala sem berast skrifstofu. Á komandi mánuðum verða mikilvægustu skjöl, sem nauðsynlegt er að vista miðlægt og gera aðgengileg starfsmönnum, skönnuð inn og sett inn í kerfið. Má þar nefna eldir kjarasamninga sem nú eru eingöngu aðgengilegir á pappír en nauðsynlegt er að varðveita þessar upplýsingar vel. Það mun að sjálf-sögðu taka einhvern tíma að koma kerfinu í fullan rekstur.

Samstarfsaðilar RSÍ og aðildarfélagi á Stórhöfða 31 fóru einnig í innleiðingu á CoreData á sama tíma og nýttu aðilar sér þetta ferli að öllu leyti sameiginlega enda sambærilegur rekstur allra. Þetta gerði það að verkum að þó nokkuð mikill sparnaður náðist fram við innleiðingu kerfisins.

### Stjórnargátt

Í kerfinu er fullkomin stjórnargátt þar sem mögulegt er að veita stjórnarmönnum aðgengi að rafrænum stjórnarskjölum. Í dag nýtum við annað form skráardeilinga


en gera má ráð fyrir að miðstjórn færi skjöl sín yfir í nýtt kerfi enda meira gagnær-yggi í nýja kerfinu. Sambærileg gátt er einnig möguleg fyrir sambandsstjórn og verður stefnt að því að nýta hana í framtíðinni sem og möguleiki á að miðla upplýsingum til trúnaðarmanna.

### Fundir miðstjórnar

Á síðasta starfsári fundaði miðstjórn RSÍ 13 sinnum. Miðstjórn er æðsta vald RSÍ á milli sambandsstjórnarfunda sem haldnir eru árlega og eru allar ákvarðanir sem snúa að starfsemi RSÍ, breytingum á skipulagi eða öðrum rekstrarþáttum, í höndum miðstjórnar. Miðstjórn skipar fólk til trúnaðarstarfa í hinum ýmsu málefnanefndum og má þar nefna launanefnd, laganefnd, orlofsnefnd og golfnefnd. Nefndirnar fjalla um þau málefni sem miðstjórn felur þeim á hverjum tíma, þær senda síðan til lögu/afstöðu nefndarinnar til miðstjórnar sem síðan afgreiðir viðkomandi mál. Fundargerðir miðstjórnar er að finna á heimasíðu RSÍ, [www.rafis.is](http://www.rafis.is), og eru þær staðsettar undir flípanum „Stjórnir RSÍ“, smella þarf á „Miðstjórn“ hægra megin á síðunni og þá birtast þær.

### Launakönnun 2013

Helstu niðurstöður launakönnunar eru þær að meðaltalheildarlaun rafíðnaðarmanna í september 2013 voru 557.676 kr. á mánuði en þau hækkuðu um 7,8% á milli ára. Þetta eru þau laun sem greidd eru fyrir alla vinnu og því er nokkur yfirvinna innifalin í þessari upphæð, að meðaltali unnu rafíðnaðarmenn 24 klst. í yfirvinnu. Ef litið er til meðaltals dagvinnulauna þá eru þau 424.217 kr. en dagvinnulaunin hækkuðu um 3,9% á milli ára og hefur kaupmáttur því haldist óbreyttur á milli ára að meðaltali.






Menntun félagsmanna RSÍ er þó mjög breytileg og getur verið allt frá grunnskóla-prófi, sérhæfðri tæknimenntun, sveinsprófi og háskólaprófi. Á undanförunum árum hafa konur valið í meira mæli að ljúka sveinsprófi í rafiðngreinum enda eru konur mjög eftirsóttar í rafiðnaði þar sem þær greinar henta konum jafnt sem körlum.

Sérstaklega áhugavert er að skoða dagvinnulaun karla og kvenna sem hafa lokið sveinsprófi eða meira námi, þar eru konur með 453.550 kr. en karlar með sama nám að baki með að meðaltali 426.148 kr. Þetta gerir um 6,3% launamun kynjana, konum í hag. Er þetta þó nokkur lækkun á milli ára en árið 2012 var launamunur kynjana 18% með sömu menntun. Það hefur sýnt sig að konur sem ljúka sveinsprófi eru afar eftirsóttar á vinnumarkaðnum sem að hluta til getur skýrt hærra laun en það geta einnig legið fleiri ástæður að baki þessum mun, svo sem starfsaldur og hvort konur séu almennt frekar í ábyrgðarstöðum.

Ef horft er til heildarlauna sama hóps karla og kvenna, þ.e.a.s. þeirra sem lokið hafa sveinsprófi, þá eru karlar með hærra heildarlaun sökum þess að þeir vinna meiri yfirvinnu en konur. Heildarlaun karla voru 584.784 kr. á móti 556.956 kr. hjá konum.

Áberandi munur er á launum karla og kvenna sem hafa lokið iðnnámi eða minni menntun en þar eru karlar með tæplega 25% hærra laun og munar þar sennilega mest um þá starfsmenn sem vinna í upplýsingaþjónustu, sá hópur sker sig úr í launasamanburði og þar er jafnframt stór hópur kvenna við störf.

Það vekur athygli þegar mismunandi starfsgreinar eru bornar saman að í bygg-ingariðnaði er 25% félagsmanna undir 291 þúsund á mánuði fyrir fulla dagvinnu en meðaltal sýnir laun upp á 344 þúsund.



## Launatöflur eftir stéttarfélagi

Launatafla 1. Meðallaun svarenda í fullu starfi eftir stéttarfélagi

	Heildardagvinnulaun í þús. kr. Launadreifing				Heildarlaun í þús. kr. Launadreifing				Fjöldi	Meðaltal með 25% og 75% mörkum
	Meðal tal	25% mörk	Mið- gildi	75% mörk	Meðal tal	25% mörk	Mið- gildi	75% mörk		
<b>Alls</b>	<b>424</b>	<b>330</b>	<b>400</b>	<b>498</b>	<b>558</b>	<b>421</b>	<b>516</b>	<b>667</b>	<b>430</b>	
<b>Stéttarfélag</b>										
Félag rafeindavirkja	463	356	428	526	558	438	530	648	81	558
Félag íslenskra rafvirkja	416	334	390	465	590	450	550	713	159	590
Félag íslenskra símamanna	399	295	400	455	451	350	404	467	62	451
Rafiðnaðarfélag Suðuresja	382	295	394	446	557	387	642	715	8	557
Rafvirkjafélag Norðurlands	359	298	338	380	646	505	624	747	21	646
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	415	374	404	445	627	515	611	732	8	627
Félag tæknifólks í rafiðnaði	439	320	404	513	545	413	506	669	89	545
Félag vöðingarmanna við verkmyndaþús									2	

Launatafla 2. Breytingar á grunnlaunum og heildarlaunum milli ára (starfsfólk í fullu starfi)

	eildardagvinnulaun í þús. kr.			Heildarlaun í þús. kr.			Fjöldi		% breyting á heildarlaunum
	Meðaltal	2012	% breyting	Meðaltal	2012	% breyting	2013	2012	
<b>Alls</b>	<b>424</b>	<b>408</b>	<b>4%</b>	<b>558</b>	<b>517</b>	<b>8%</b>	<b>430</b>	<b>401</b>	
<b>Stéttarfélag</b>									
Félag rafeindavirkja	463	443	5%	558	517	8%	81	88	8%
Félag íslenskra rafvirkja	416	394	6%	590	547	8%	159	139	8%
Félag íslenskra símamanna	399	377	6%	451	413	9%	62	60	9%
Rafiðnaðarfélag Suðuresja	382	403	-5%	557	574	-3%	8	8	-3%
Rafvirkjafélag Norðurlands	359	381	-6%	646	552	17%	21	21	17%
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi	415	328	26%	627	531	18%	8	14	18%
Félag tæknifólks í rafiðnaði	439	444	-1%	545	527	4%	89	71	4%
Félag vöðingarmanna við verkmyndaþús							2	0	

21

© Capacent

## Launatöflur frh. Atvinnugrein

Launatafla 3. Meðallaun svarenda í fullu starfi eftir atvinnugrein

	Heildardagvinnulaun í þús. kr. Launadreifing				Heildarlaun í þús. kr. Launadreifing				Fjöldi	Meðaltal með 25% og 75% mörkum
	Meðal tal	25% mörk	Mið- gildi	75% mörk	Meðal tal	25% mörk	Mið- gildi	75% mörk		
<b>Alls</b>	<b>425</b>	<b>331</b>	<b>400</b>	<b>499</b>	<b>560</b>	<b>423</b>	<b>520</b>	<b>670</b>	<b>422</b>	
<b>Atvinnugrein</b>										
Byggingariðnaði	344	291	310	399	532	391	491	700	24	532
Fjárfestingarvirkni	450	360	440	529	519	402	460	594	83	519
Heilbrigðisþjónusta									4	
Raforkuframleiðsla/flutningum	381	320	350	382	696	560	700	801	47	696
Stóriðja	405	312	359	500	712	624	675	800	28	712
Verslun og/eða þjónusta	438	371	411	490	487	393	481	550	40	487
Tækniþjónusta	425	350	414	472	501	410	475	552	85	501
Tölvuiðnaði	518	394	490	630	596	475	560	700	31	596
Upplýsinga- og/eða afþreyingarþjónusta	445	296	406	580	511	402	450	667	32	511
Öryggisfyrirtæki	418	356	422	500	582	438	514	600	14	582
Annað	390	327	365	420	603	401	570	740	34	603

22

© Capacent



Tölvuiðnaður skilar félagsmönnum hæstum dagvinnulaunum en stóriðja og raforku-flutningar skila hæstum heildarlaunum, er það vísbending um töluvert mikla yfirvinnu hjá þeim hópum.

RSÍ hvetur félagsmenn til þess að kynna sér niðurstöður þessarar könnunar og bera sig saman við þær. Séu þeir langt undir meðaltali er sóknarfæri til að sækja launaleiðréttingar.

Þetta var í fyrsta skipti sem spurt var um í hvaða atvinnugrein félagsmenn vinna en það var gert til þess að reyna að lesa betur út hvar skóinn kreppir og hver launadreifingin er í mismunandi hópum.

### Fjölskylduhátíð RSÍ 2013

Fjölskylduhátíð RSÍ var haldin á Skógarnesi við Apavatn, helgina 21. - 23. júní 2013 og heppnaðist vel. Um 800 manns voru á svæðinu og mögulega fjölgaði eitthvað á laugardeginum enda er vinsælt að líta við með börn og barnabörn þegar leiktæki, skemmtiatriði og fótboltamót stendur sem hæst.

Góð þátttaka var að venju í fótboltanum en 10 lið tóku þátt í mótinu. Skátarnir mættu á svæðið með hoppukastala og klifurvegg sem vöktu mikla lukku á meðal barnanna. Lalli töframaður skemmti börnum sem fullorðnum með töfrabrogðum. Grillaðar voru pylsur og boðið var upp á íspinna í tilefni 20 ára afmælis Félags tæknifólks í rafiðnaði.

Hátíðardagskránni lauk um kvöldið með verðlaunaafhendingu og dansleik þar sem Greifarnir spiluðu og skemmti fólk sér með eindæmum vel. Við þökkum félagsmönnum og gestum þeirra fyrir komuna og hlökkum til næstu fjölskylduhátíðar sem haldin verður á næsta ári að vanda í kringum Jónsmessuna. Fjölskylduhátíð 2014 verður helgina 20. til 22. júní og verður dagskrá fjölbreytt að venju.

### Ferð H-eldri félaga RSÍ

Þann 26. júní 2013 var farin ferð H-eldri félaga en að þessu sinni fóru ríflega 130 félagar ásamt mökum í ferðina. Farið var upp í Borgarfjörð þar sem Hvanneyri var sótt heim en þar var Hvanneyrarkirkja skoðuð. Hvanneyrarkirkja er friðuð kirkja í eigu Landbúnaðarháskóla Íslands og var byggð árið 1905. Gamla kirkjan sem þar stóð áður var byggð árið 1893 en fauk í vondu veðri árið 1902. Því næst var véla- og ullarsafn skoðað á Hvanneyri en þar er að finna elstu dráttarvélar landsins, þær fyrstu sem fluttar voru til Íslands og hafa verið gerðar upp. Virkilega vel var tekið á móti okkur á Hvanneyri og sendum við þakkir fyrir.

Að skoðunarferð lokinni var ferðinni heitið í Borgarnes þar sem boðið var upp á kaffi og kleinur á Hótel Borgarnesi. Þar gafst jafnframt færi á að ræða málin en Kristján Þórður formaður Rafiðnaðarsambands Íslands ávarpaði hópinn.



## **Straumlína.is**

Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að uppfæra kynningarefni sem gefið var út á geisladiski árið 2005 þar sem rafiðnaðargreinar voru kynntar en sérstaklega var hugað að því að ná til ungs fólks. Ákveðið var á fundi miðstjórnar árið 2012, eftir að hafa fengið kynningu frá tveimur aðilum um útgáfu á efninu, að setja upp heimasíðu þar sem kynningarefni yrði vistað og sett upp myndrænt. Aftur skyldi hugað að því að ná til ungs fólks en á heimasíðunni verði efnið einfalt og aðgengilegt en með tenglum yfir á þær síður sem fara dýpra í kynningu málefna. Vinna hefur staðið yfir á undanförunum mánuðum við upptökur á myndböndum og síðar að útbúa vefsíðuna. Formleg opnun síðunnar verður á sambandsstjórnarfundinum en stefnt er að því að myndbönd af vefsíðunni verði nýtt að einhverju leyti til auglýsingagerðar fyrir kvikmyndahúsin með tilvísun í heimasíðuna [www.straumlina.is](http://www.straumlina.is).

## **Stefán Ólafur Guðmundsson**

Stefán Ólafur Guðmundsson starfsmaður Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins lést þann 21. maí 2013. Stefán sinnti félagsstörfum til fjölda ára, fyrst hjá ÍSAL en þar starfaði hann í rúma þrjá áratugi. Á sama tíma sinnti hann ýmsum trúnaðarstörfum fyrir rafiðnaðarmenn. Árið 2000 hóf hann störf á Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins þar sem hann sinnti meðal annars málefnum sterkstraums, sveinsprófi rafvirkja, rafveitu- og rafvélavirkja. Stefán starfaði ekki eingöngu fyrir Fræðsluskrifstofuna því hann leysti jafnframt fjölmörg mikilvæg verkefni fyrir Rafiðnaðarsamband Íslands. Golfíþróttin var Stefáni afar hugleikin allt til dauðadags, sá hann m.a. um Spennugolf RSÍ ásamt golfnefnd. Aðkoma hans að þessari vinnu hefur gert gæfumuninn og hefur hann stuðlað að því að Spennugolfið er eins vinsælt og raun ber vitni.

Stefán var iðulega í samninganefndum ISAL og var þar lykilmáður enda með kjarasamninginn á hreinu. Stefán setti upp hinar ýmsu töflur í Excel sem nýttar voru til að meta áhrif breytinga sem ræddar voru á hverjum tíma. Stefán lagði alla tíð mikla áherslu á að bæta kjör iðnnema enda sat hann í stjórn nemafélagsins á fyrri árum og var síðar gerður að heiðursfélagi ungliðahreyfingar RSÍ, heiðursfélagi nr. 1.

Það var því stórt skarð sem þurfti að fylla upp í hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og er mikill söknuður á meðal samstarfsmanna Stefáns á Stórhöfða. Blessuð sé minning Stefáns.

## **Orlofskerfið**

Á starfsárinu hefur framboð á orlofseignum verið óbreytt á milli ára en þó var eitt nýtt hús tekið í notkun á árinu en það er nýtt hús í Vaglaskógi. Húsið var tekið í notkun þann 21. júní 2013. Nýja húsið í Vaglaskógi er byggt á sama stað og eldra húsið þó því hafi verið snúið örlítið. Eldra húsið var komið til ára sinna og alls ekki hægt að leigja það út mikið lengur vegna þess hve illa einangrað húsið var og hélt ekki öllum dýrum úti.

Fyrsti leigjandi nýja hússins var Guðrún Bergþórsdóttir, félagsmaður hjá Félagi is-



lenskra símamanna (FÍS) en eldra húsið var einmitt í eigu FÍS og hafði félagið átt orlofshús á þessum stað frá árinu 1934. Fyrsta leigjanda hússins var færð ostakarfa vegna vigslunnar og var það Sigurður Sigurðsson, formaður orlofsnefndar, sem færði henni körfuna. Guðrún var ánægð með dvölinna fyrstu vikuna enda húsið hið glæsilegasta. Ekki skemmdi fyrir að mikil veðurbliða var á Norðurlandi þessa viku, eins og oft vill verða yfir sumartímann. Húsið er umvafið skógi og því skýlir hann svæðinu fyrir vindum og mikil hlýindi eru á svæðinu þegar sólin skín.

Sökum óvenju snjópungs vetrar þá tókst ekki að ljúka byggingu hússins á réttum tíma en seinkun varð á afhendingu um 2 vikur enda var snjór ekki farinn fyrr en seint í maí. Frágangur hússins er flottur og umhverfið í kringum það er í góðu horfi. Enn er þó unnið að frágangi í næsta nágrenni við húsið en bílastæðið er ekki fullklárað sem og vegurinn að húsinu. Þessu ætti að vera lokið í haust.

---

Undanfarið ár höfum við verið í vandræðum með heitt vatn á Skógarnesi þar sem borhola vatnsveitunnar hefur ekki haft undan þegar mesta notkunin er á svæðinu hjá okkur. Farið var í viðamikla aðgerð til að reyna að draga úr notkun á heitu vatni á Skógarnesi, farið var í viðhald á húsunum eftir því sem þörf var á. Skipt var um vökva á gólfhitalögnum allra húsanna en nauðsynlegt er að skipta um frostlög í hitalögnum reglulega, misjafnt er eftir hvaða tegund af frostlegi er notuð hversu lengi hann endist. Ending getur verið frá 2 árum og upp í 5 ár. Þegar frostlögur

*Tekjur og gjöld orlofshúsakerfis Rafiðnaðarsambandsins eru hér að neðan en á næstu síðu, síðu 30 er yfirlit yfir nýtingu einstakra eigna.*

	Fjöldi húsa	Heildartekjur 2013	Heildargjöld 2013	Tekjur pr.hús 2013	Gjöld pr.hús 2013	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2012	2012	Meðaltal 2007 - 2012
Reykjavík	6	5.982.400	6.949.768	997.067	1.158.295	<b>86.1%</b>	161.1%	111.2%
Svignaskarð	2	1.445.300	2.894.156	722.650	1.447.078	<b>49.9%</b>	51.5%	46.7%
Vatnsfjörður	1	294.000	836.128	294.000	836.128	<b>35.2%</b>	27.0%	27.8%
Varmahlíð	1	1.034.200	880.384	1.034.200	880.384	<b>117.5%</b>	67.7%	104.7%
Akureyri	3	3.214.000	1.998.460	1.071.333	666.153	<b>160.8%</b>	141.71%	149.0%
Vaglaskógur	1	817.800	1.794.352	817.800	1.794.352	<b>45.6%</b>	73.6%	85.8%
Einarsstaðir	3	971.800	3.623.414	323.933	1.207.805	<b>26.8%</b>	55.9%	37.2%
Klifabotn	2	696.800	867.034	348.400	433.517	<b>80.4%</b>	39.0%	58.6%
Klaustur B hús	1	489.000	495.517	489.000	495.517	<b>98.7%</b>	94.5%	74.9%
Klaustur lítill - hús	2	403.000	444.689	201.500	222.345	<b>90.6%</b>	41.6%	59.6%
Skógarnes - minni hús	4	3.672.000	8.976.976	918.000	2.244.244	<b>40.9%</b>	30.4%	31.0%
Skógarnes - stærri hús	10	10.175.700	23.463.082	1.017.570	2.346.308	<b>43.4%</b>	34.2%	49.4%
Skógarnes - aðalh.	1	2.329.600	3.100.521	2.329.600	3.100.521	<b>75.1%</b>	62.5%	64.8%
Stykkishólmur	1	1.132.700	2.166.500	1.132.700	2.166.500	<b>52.3%</b>	46.5%	51.8%
Ölfusborgir	3	2.519.400	3.812.712	839.800	1.270.904	<b>66.1%</b>	67.1%	55.9%
Tjaldvagnar	15	1.674.900	609.074	111.660	40.605	<b>275.0%</b>	240.7%	231.7%
Spánn	2	1.921.164	1.534.526	960.582	767.263	<b>125.2%</b>	78.2%	114.7%
Kaupmannahöfn	1	2.232.000	2.537.521	2.232.000	2.537.521	<b>88.0%</b>	81.6%	47.7%
Súðavík	1	238.000	732.000	238.000	732.000	<b>32.5%</b>	36.1%	37.0%
Klapparholt - Borgarfirði	1	1.137.400	1.961.877	1.137.400	1.961.877	<b>58.0%</b>	33.9%	0.0%
Vestmannaeyjar	1	371.300	742.850	371.300	742.850	<b>50.0%</b>	50.7%	0.0%
Skógarnes - Tjaldst/golfv.	3	5.281.070	7.205.598	1.760.357	2.401.866	<b>73.3%</b>	80.1%	97.7%
<b>Meðaltal</b>	<b>66</b>	<b>48.033.534</b>	<b>77.627.139</b>	<b>738.977</b>	<b>1.194.264</b>	<b>61.9%</b>	<b>55.7%</b>	<b>59.2%</b>

Hús	Viðmið				Viðmið			
	Dagar 2012	Leiga 2012	Hlutfall 2012	Röð 2012	Dagar 2013	Leiga 2013	Hlutfall 2013	Röð 2013
Reykjavík íbúðir	2.190	1735	79,22%	3	2.190	1593	72,74%	5
Svignaskarð	730	443	60,68%	9	730	413	56,58%	13
Vatnsfjörður	365	88	24,11%	21	365	98	26,85%	19
Varmahlíð	365	204	55,89%	12	365	207	56,71%	12
Akureyri íbúðir	1.095	815	74,43%	4	1.095	826	75,43%	4
Vaglaskógur	365	144	39,45%	17	365	132	36,16%	17
Einarsstaðir	1.095	328	29,95%	19	1.095	294	26,85%	19
Klifabotn /Illguastaðir	730	198	27,12%	20	730	224	30,68%	18
Klaustur B hús	365	133	36,44%	18	365	166	45,48%	15
Klaustur lítil hús	730	119	16,30%	22	730	155	21,23%	21
Skógarnes - minni hús	1.460	856	58,63%	11	1.460	879	60,21%	10
Skógarnes - stærri hús	3.650	2230	61,10%	8	3.650	2206	60,44%	9
Skógarnes - aðalhús	365	218	59,73%	10	365	211	57,81%	11
Stykkishólmur	365	192	52,60%	13	365	243	66,58%	6
Ölfusborgir	1.095	687	62,74%	7	1.095	726	66,30%	7
Spánn	730	335	45,89%	15	730	370	50,68%	14
Kaupmannhöfn	217	160	73,73%	5	217	186	85,71%	2
Súðavík	94	77	81,91%	2	83	70	84,34%	3
Gufuskálar	94	49	52,13%	14	0	0	0,00%	22
Klapparholt Borgarfirði	215	154	71,63%	6	365	232	63,56%	8
Vestmannaeyjar	94	83	88,30%	1	83	79	95,18%	1
Tjaldvagnar	1.460	636	43,56%	16	1.460	636	43,56%	16
	<b>17.869</b>	<b>9884</b>	<b>55,31%</b>		<b>17.903</b>	<b>9946</b>	<b>55,55%</b>	

hefur verið nýttur of lengi fara að myndast kekkir í lögnum sem geta endað með stíflum hér og þar.

Inn á svæðið var sett vatnsdæla sem byggir upp þrýsting á svæðinu en henni er stýrt af þrýstimæli þannig að þegar þrýstingur fellur tekur dælan við. Þessu til viðbótar var bætt við skammtalokum á hús 8 – 14 sökum þess að vatnsnotkun þar hafði mikil áhrif á Stóra húsið sem og litlu húsin 1 – 4.

Allt þetta gerir það að verkum að ástandið er þolanlegt en vatnsveitan mun bæta við nýrri dælu seinna á þessu ári en boruð var ný hola sem gefur einnig meira vatn.

Þegar líða fór á sumarið og kólna fór á kvöldin fór rafmagnsnotkun að aukast á tjaldsvæðinu og þá sérstaklega um helgar enda flestir tjaldgesta með 2 kW blást-ursofna í hýsum sínum. Þegar álagið varð hvað mest, kom í ljós að stofninn inn á svæðið stóð ekki undir allri þeirri notkun enda hefur svæðið hjá okkur stækkað töluvert á undanförunum árum og vinsældir þess aukist gríðarlega. Heimtaugin inn á svæðið var þó stækkuð fyrir nokkrum árum og er í dag 3 x 200 A. Þetta dugði ekki til og þurftu gestir okkar að sætta sig við rafmagnsleysi nokkur kvöld seinni part sumars en það átti bæði við um gesti á tjaldsvæðinu sem og í orlofshúsunum okkar.

Ákveðið var á fundi miðstjórnar að ástandið væri óásættanlegt enda ættu rafiðnaðar-menn ekki að sætta sig við skort á rafmagni. Því var farið að undirbúa stækkun heimtaugar úr 3x200 A upp í 3x400 A. Búnaður er kominn í hús en farið verður í uppsetningu á þessu um miðjan maímánuð. Með þessu ætti að verða tryggt að



rafmagn dugi fyrir köldustu kvöldin og að truflun á rafmagni tjaldsvæðis hefði ekki áhrif á orlofshúsin. Á sama tíma verður einnig sett upp mælistöð þar sem mögulegt er að fylgjast með raforkunotkun svæðisins, bæði orlofshúsanna sem og tjaldsvæðisins.

### Tjaldsvæða-app

Síðastliðið vor var ákveðið að útbúa skráningarkerfi fyrir tjaldsvæðið á Skógarnesi þannig að mögulegt væri að veita starfsmönnum beintengdan aðgang inn í félagakerfi RSÍ til þess að staðfesta félagsaðild viðkomandi félagsmanns en jafnframt til þess að skrásetja nýtingu á tjaldsvæðinu, sölu rafmagns og ýmissa annarra þátta. Innleiðing þróunarkerfisins gekk vel fyrir sig. Tjaldsvæðakerfið er keyrt á spjaldtölvum sem eru tengdar netinu og límmiðaprentari sér um að prenta út límmiða sem gestir líma á tjöld sín. Á límmiðum koma fram helstu upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir starfsmenn okkar svo sem dagsetning komu og brottfarar, fjölda gesta, fullorðinna og barna og hvort rafmagn hafi verið keypt svo eitthvað sé nefnt. Upplýsingar sem söfnuðust í keyrslu sumarsins voru þó ekki keyrðar beint inn í bókhaldskerfi enda í þróunarfasa en stefnan er sett á að upplýsingar keyrist reglulega inn í fjárhagskerfið.

Áhugavert er að lesa úr þeim upplýsingum sem kerfið veitir en til dæmis eru félagsmenn rétt um 51% þeirra gesta sem sækja tjaldsvæðið og er fjöldi barna álika mikill hvort sem um gesti eða félagsmenn er að ræða. Að meðaltali eru 71 einstaklingur á tjaldsvæðinu á hverjum degi á þessu tímabili, að sjálfsögðu eru flestir um helgar en þó nokkur fjöldi nýtir svæðið virka daga einnig.

31

*Tölfræðiupplýsingar tjaldsvæðisins á Skógarnesi 2013*

#### Tímabil: 21. júní til 8. ágúst

Félagsmenn	Fjöldi	Tekjur
Fullorðnir	1041	
Börn 13-18 ára	105	
Börn 12 ára og yngri	638	
<b>Samtals</b>	<b>1784</b>	<b>897.600</b>
<b>Gestir</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Tekjur</b>
Fullorðnir	997	
Börn 13-18 ára	96	
Börn 12 ára og yngri	622	
<b>Samtals</b>	<b>1715</b>	<b>2.301.500</b>
Tekjur – Gisting	3.199.100	
Tekjur – Rafmagn	1.122.600	
<b>Tekjur alls</b>	<b>4.321.700</b>	

<b>Fjöldi gesta</b>	3499
Félagsmenn	51%
Gestir	49.0%
Fjöldi gistinátta	7813
Fjöldi eininga	1085
Einingar pr. dag	22 ein/dag
Einstaklingar pr. dag	71

#### Fjöldi í einingu (avg)

Fullorðnir	1.89
Börn 13 –18 ára	0.19
Börn 12 ára og yngri	1.17
Rafmagn	0.75

#### Styrktarsjóður

Félagsmönnum RSÍ standa til boða ýmsir styrkir hvort sem er í veikindatilfellum eða til líkamsræktar, svo eitthvað sé nefnt. Tekjur styrktarsjóðs hafa aukist um 5,1% á milli ára en mikil aukning varð einnig í greiðslum úr Styrktarsjóði, aukningin nam tæpum 6,3%. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig útgjöld Styrktarsjóðs hafa þróast síðustu tvö ár.

Styrktarsjóður RSÍ Tegund og fjöldi styrkja			Tímabil: Jan – Des						
Tegund styrkja			2013		2012		Mismunur		
			Upphæð	Fjöldi gr. á kenni-tölu	Upphæð	Fjöldi gr. á kenni-tölu	Upphæð	%	Fjöldi
AS	Aðrir styrkir	2.254.680	21	1.950.000	16	304.680	15,6%	5	
BA	Andlátstyrkir til barna	0	5	5.436.785	5	-5.436.785	100,0%	0	
DB	Útfararstyrkir	6.351.266	18	7.521.205	18	-1.169.939	-15,6%	0	
FS	Ferðastyrkir	224.000	9	470.440	18	-246.440	-52,4%	-9	
GE	Gleraugnastyrkir	5.797.139	197	5.966.560	210	-169.421	-2,8%	-13	
GL	Glasa/tæknifrjógvun	1.289.563	14	821.995	12	467.568	56,9%	2	
HV	Hjartavernd	490.957	50	492.998	53	-2.041	-0,4%	-3	
KS	Krabbameinsskoðun	377.073	52	226.955	43	150.118	66,1%	9	
LR	Líkamsræktarstyrkir	24.446.341	1215	20.778.155	1211	3.668.186	17,7%	4	
LÆ	Læknis- og lyfjakostn.	4.638.704	62	3.032.538	55	1.606.166	53,0%	7	
SAL	Meðferð hjá Sálfræðingum	1.231.266	65	1.495.503	81	-264.237	100,0%	-16	
NU	Sjúkraþjálfun og nudd	6.163.050	393	5.992.500	386	170.550	2,8%	7	
SD8	Sjúkradagpen. 80%	87.427.902	60	81.378.101	76	6.049.801	7,4%	-16	
SDL	Sjúradagpen.-lágmark	8.647.320	13	5.176.266	14	3.471.054	67,1%	-1	
LRA	Líkamsræktarstyrkir til atvinnulausra	12.000	6	40.490	17	48.880	120,7%	-11	
ENA	Námskeiðsst.til atv.lausra	0	0	146.500	5	146.500	100,0%	-5	
JOL	Jólstyrkir til atv.lausra	1.077.894	37	1.092.000	33	0	0,0%	4	
<b>SAMTALS</b>			<b>150.429.155</b>	<b>2.217</b>	<b>142.018.991</b>	<b>2.253</b>	<b>8.794.640</b>	<b>5,8%</b>	<b>-36</b>





## Styrktarsjóður RSÍ

Styrkir	2010	2011	2012	2013
Sjúkradagpeningar	55.072.324	89.294.026	86.554.367	96.075.222
Eingr.dánarbætur	12.172.370	3.357.280	12.957.990	6.351.266
Sjúkran. og sjúkrabjálfun	5.210.390	5.488.280	5.992.500	6.163.050
Lækniskostnaður	7.252.771	7.235.541	5.350.036	7.159.533
Ferðastyrkir	108.000	251.460	470.440	224.000
Líkamsr. og forvarnarstarf	20.954.731	20.998.888	21.498.108	25.314.371
Gleraugnastyrkir	5.532.501	6.157.992	5.966.560	5.797.139
Styrkir v.atv.lausra	2.002.121	1.743.747	186.990	12.000
Jólastyrkur	840.000	1.609.500	1.092.000	1.077.894
Aðrir styrkir	1.698.673	2.029.708	1.950.000	2.254.680
<b>Samtals</b>	<b>110.843.881</b>	<b>138.166.422</b>	<b>142.018.991</b>	<b>150.429.155</b>

### VIRK ráðgjafar á Stórhöfða

VIRK starfsendurhæfingarráðgjöfum á Stórhöfða fjölgaði á árinu þegar Raket Björk Gunnarsdóttir var ráðin til starfa en hún hóf störf á þessu ári. Raket bætist við þá tvo ráðgjafa sem þegar starfa hjá okkur, þær Sigrúnu og Hlín. En mikið hefur mætt á ráðgjöfum okkar að undanförunu enda höfðu biðlistar lengst. Nauðsynlegt reyndist að gera breytingar á húsnæðinu á Stórhöfða 27, 2. hæð, enda vantaði lokaða skrifstofu þar sem mögulegt er að taka á móti skjólstaðingum til viðtals. Ákveðið var að breyta rýminu þar sem áður var gengið inn í skrifstofu og nú er gengið inn á miðjan ganginn líkt og aðkoma er á skrifstofu RSÍ.


33

### Lögfræðingur

Nóg var að gera í starfi lögfræðings á árinu. Lögfræðingur RSÍ er Dagný Ósk Aradóttir Pind, héraðsdómslögmaður. Töluverður fjöldi fyrirspurna hefur borist í kring um gerð kjarasamninga eins og við var að búast. Af venjubundnum verkefnum var einnig nóg. Alltaf er eitthvað um gjaldþrot fyrirtækja og geta félagsmenn þá fengið aðstoð við að innheimta launakröfur. Félagsmenn hafa verið duglegir að leita ráðgjafar hjá starfsmönnum og lögfræðingi RSÍ hvað varðar ýmis álitaefni og eru þeir hvattir til að gera það áfram með sín mál, stór og smá.

Á árinu hafa sex mál félagsmanna RSÍ verið til meðferðar hjá dómstólum, fjögur hjá héraðsdómi og tvö hjá Félagsdómi. Eitt til viðbótar hefur verið höfðað. Tveir dómar hafa fallið, önnur mál eru enn til meðferðar í dómkerfinu.

Í mars sl. féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur félagsmanni RSÍ í vil. Atvik þess máls voru í stuttu máli þau að starfsmanni hafði verið sagt upp störfum hjá fyrirtæki og vinnuframlag hans afþakkað. Hann átti skv. samningi þriggja mánaða uppsagnarfrest. Hann fékk greidd laun í einn mánuð en frekari launagreiðslur bárust ekki. Hann leitaði til RSÍ og í kjölfar þess að bréf var sent fyrir hans hönd kom í ljós að fyrirtækið vildi meina að hann hefði framið trúnaðarbrot sem væri svo alvarlegt að það réttlætti fyrirvaralaus brottvikningu. Brotið átti að felast í því að hann hefði hugleitt að stofna fyrirtæki sjálfur í félagi við annan mann og fyrrum vinnuveitandi hans hélt því fram að það ætti að vera í samkeppnisrekstri. Það væri því bæði brot gegn samkeppnisákvæði ráðningarsamnings starfsmannsins sem og brot á almennum trúnaðarskyldum. Aldrei





varð neitt af þessum áformum, enda aðeins um óformlegar vangaveltur tveggja félaga að ræða. Ekki var fallist á að um brot hefði verið að ræða og fékk félagsmaðurinn dæmd laun til loka uppsagnarfrests í samræmi við dómkröfur.

Eitt mál var flutt í Félagsdómi á árinu 2013. Þar var um að ræða uppsögn á stjórnarmanni í einu aðildarfélagi RSÍ. Var ákveðið að láta reyna á 4. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur, svokallað atvinnukúgunarákvæði. Að mati RSÍ tengdist uppsögnin trúnaðarmannakosningu sem var fyrirhuguð í fyrirtækinu, en viðkomandi starfsmanni, var sagt upp þegar búið var að ákveða trúnaðarmannakosningu en hún hafði hins vegar ekki farið fram. Ekki var fallist á að uppsögnin hefði verið ólöglegt vegna þessa. Í dómnum var einnig látið reyna á nýleg ákvæði kjarasamninga um framkvæmd uppsagna og að starfsmenn eigi rétt á að vita ástæður uppsagna, óski þeir eftir því. Félagsdómur féllst á að brotið hefði verið gegn þeim ákvæðum, bæði með því að ekki var orðið við beiðni um rökstuðning innan tíma- marka og einnig að þegar ástæður voru loksins gefnar upp hafi þær verið of óljósar og almenns eðlis til að fullnægja kröfum kjarasamningsins.

Hin málin sem eru til meðferðar hjá dómstólum varða öll nema eitt uppsagnir eða starfslok og eru nokkuð fjölbreytt. Í einhverjum tilvikum gæti verið um fordæmisgefandi mál að ræða og verður spennandi að fylgjast með framvindu þessara mála á næstu mánuðum.

## 200 Þúsund naglbítar

Árið 2012 ákvað miðstjórn RSÍ að fjárfesta í 4. hæð Stórhöfða 27, í sama húsnæði og Rafiðnaðarskólinn er í og er 2. hæð hússins einnig í eigu 200 þúsund naglbíta. 4. hæðin er rétt rúmlega 200 m<sup>2</sup> að stærð og afar vel heppnuð skrifstofuhæð. Í upphafi árs 2014 var hæðin leigð út í heild sinni til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs sem hefur nýtt aðstöðuna undir sérhæfð matsteymi. Þær fréttir berast frá VIRK að sjóðurinn er afar ánægður með aðstöðuna en gert er ráð fyrir að þessi starfsemi fari í lok árs niður í Sætún 1 þar sem nú er unnið að stækkun skrifstofuhúsnæðisins sem VIRK hefur sína starfsemi. Í kjölfar þess munum við leita nýrra leigjenda sem henta inn í þetta húsnæði, helst starfsemi sem er sambærileg okkar starfsemi í húsinu, starfsemi Rafiðnaðarskólans, Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og VIRK starfsendurhæfingarráðgjafanna.

Unnið er að því að framlengja leigusamning við Íslandspóst sem hefur til leigu húsnæði í eigu 200 þúsund naglbíta að Stórhöfða 29. Íslandspóstur hefur leigt húsnæðið af okkur allt frá því að húsið var byggt og hefur reynst okkur góður leigjandi. Gert er ráð fyrir því að leigutími verði lengdur um 5 ár.

## Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins

Starfsemi Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins var með hefðbundnu sniði árið 2013. Helstu verkþættir stofunnar er að sinna sveinsprófum, námskrám allra rafiðngreina, raunfærnimati, raufbók og annarri vinnu fyrir starfsgreinaráðið. Mestur tími fer í sveinsprófin og undirbúning þeirra ásamt vinnu við raunfærnimat.



## Sveinspróf

Á árinu 2013 luku 121 nemendur sveinsprófi í rafvirkjun, og 35 luku sveinsprófi í rafeindavirkjun. Alls voru gerðir 81 námssamningar í rafvirkjun, 1 í rafveituvirkjun, 1 í rafvélavirkjun og 22 í rafeindavirkjun.

## Raunfærnimat

Í raunfærnimati voru 29 þátttakendur sem fóru í 149 matsviðtal og fengu 108 áfanga metna upp á samtals 275 einingar.

Á þessu ári og því næsta er stefnt að því að greina betur þarfir rafiðnaðarmanna á aukinni menntun, sérstaklega hjá þeim sem ekki hafa lokið formlegri framhaldsmenntun. Þetta er gert í tengslum við kjarasamninga en jafnframt til þess að mæta markmiðum stjórnvalda um 2020 markmiðið en þar er markið sett á að á vinnumarkaði verði fjöldi þeirra sem ekki hafi lokið framhaldsmenntun að loknum grunnskóla undir 10% fólks á vinnumarkaði.

## Rafbókin

Það voru unnin 64 hefti upp á 2006 síður árið 2013 hluti af því var efni fyrir rafeindavirkja og endurskoðað efni fyrir Staðal ÍST200. Alls eru um 250 hefti inn á rafbok.is upp á um 6800 síður.

Það er stefna RSÍ að styðja við Rafbókina en sambandið hefur gefið loforð fyrir 6-8 milljónum í verkefnið. Gengið var á það loforð á síðasta ári þegar 3,5 milljón var lögð í verkefnið og gera áætlanir ráð fyrir að 2,5 milljón fari í verkefnið á árinu 2013. Það skiptir nemendur í rafiðngreinum miklu máli að fá aðgang að kennsluefni án þess að þurfa að greiða fyrir efnið enda hefur ungt fólk í námi oft á tíðum minni getu til mikilla fjárútláta.

Á síðasta ári heimsóttu um 6.900 manns Rafbókina og voru 14.360 uppflettingar. Langflestir voru staðsettir á Íslandi þegar síðan var skoðuð. Þess ber að geta að síðan er þannig uppbyggð að flettingar þurfa ekki að vera margar til þess að sækja efnið heldur er viðkomandi hefti fundið á síðunni og því hlaðið niður í tölvu viðkomandi sem síðan vinnur með efnið. Það má því segja að þessi aðsókn sé gríðarlega mikil og væntanlega eru okkar félagsmenn úti á vinnumarkaðnum jafnframt að skoða síðuna og afla sér upplýsinga.

Nú er unnið að því að koma ÍST200 staðli inn á síðuna í einhverju formi þannig að staðallinn verði aðgengilegur félagsmönnum og öðrum notendum í formi uppflettirits eða handbókar þó svo að staðallinn í heild verði mögulega ekki aðgengilegur sökum stífra reglna hjá Staðlaráði Íslands.



## Ferilbók rafiðnaðarmannsins

Fræðsluskrifstofan vinnur að gerð Ferilbókar fyrir rafiðnaðarmenn. Bókin verður með þeim hætti að nemendur í rafiðngreinum munu geta skráð öll sín verkefni í ferilbókina. Á samningstíma verða allir verkþættir skráðir sem nauðsynlegt er að viðkomandi nemi vinni að. Að loknum skóla verða þessar upplýsingar aðgengilegar sem og upplýsingar um sveinspróf. Jafnframt verði mönnum gert kleyft að skrá frekari upplýsingar á sínum starfsferli. Gert er ráð fyrir að Ferilbókin verði farin að mótast eitthvað næstkomandi haust en undirbúningsvinna er mikil og nauðsynlegt er að horfa til lengri tíma og fullmóta kerfið frá upphafi.

## Starfsemi Rafiðnaðarskólans 2013

Rafiðnaðarskólinn sem er í jafnri eign RSÍ og SART er staðsettur á Stórhöfða 27 í húsnæði sem er í eigu 6 aðildarfélaga Rafiðnaðarsambandsins.

Stjórn Rafiðnaðarskólans er þannig skipuð: *Ásbjörn Jóhannesson*, framkv.stj SART, *Ásmundur Einarsson*, GlobeTracker Iceland, *Sigurður Sigurðsson*, Landsnet og *Ásvaldur Kristjánsson*, Landsspítali. Varamenn eru *Helgi Rafnsson*, Rafholt og *Hafliði Sívertsen*, 365 miðlar. Hafliði Sívertsen kom inn í stjórn skólans í stað Jakobs Tryggvasonar á aðalfundi skólans 2013.

Ásbjörn R Jóhannesson er formaður stjórnar skólans og mun gegna því þar til á aðalfundi 2014, en þá mun fulltrúi RSÍ í stjórninni taka við formenskunni næstu tvö árin.


Stjórnin hélt 8 stjórnarfundum á árinu 2013 auk aðalfundar. Stjórn skólans heldur að jafnaði fundi fyrsta mánudag hvers mánaðar og er lögð áhersla á að allir stjórnarmenn mæti.

Starfsmannafjöldi skólans er óbreyttur frá fyrra ári. Eru starfsmenn 7 í tæplega 6 stöðugildum, 4 í fullu starfi, 2 í 50% starfi og 1 í 60% starfi. Fimm starfsmenn sinna kennslu á námskeiðum skólans en auk þess voru 15 utanaðkomandi kennarar á síðasta ári. Hefur það alla tíð verið mikilvægur þáttur í starfsemi skólans að halda góðum tengslum við atvinnulíf og verkmenntaskóla og fá þaðan kennara til kennslu innan veggja skólans, en með því er kappkostað að tryggja að ávallt sé boðið upp á það sem efst er á baugi hverju sinni, á sem bestan hátt.

Árið 2013 voru haldin 79 fagnámskeið með 741 þátttakendum, sem er nokkur fækkun á námskeiðum frá árinu á undan. Má segja að áhrifa Hrungsins hafi gætt í fyrra og þá sérstaklega á haustönninni en þar var munur milli 2012 og 2013 um 20%. Hefur það þó komið til tals hvort einhver tenging sé á milli aðsóknar í verkmenntaskólana og síðar í eftirmenntunarskólann.

Í Rafiðnaðarskólanum eru haldnir fundir um þær nýjungar sem snerta starfssvið þeirra félaga sem eru í RSÍ. Eru þeir að jafnaði haldnir fyrsta miðvikudag í mánuði á starfstíma skólans og hefur ásókn á þá aukist jafnt og þétt. *Sjá töflu 1.*







Þróun aðsóknar í Rafiðnaðarskólann má sjá í töflunni hér að neðan.

**Tafla 1. Aðsóknaryfirlit Rafiðnaðarskólans**

Fjöldi	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Nemenda</b>	815	729	1118	827	1072	1002	741
<b>Námskeiða</b>	88	80	112	85	100	98	79
<b>Fyrirlestra</b>							4
<b>Pátttak.</b>							165

Heimild: Rafiðnaðarskólinn

Sum fagnámskeiðin eru haldin oftár en einu sinni til þess að uppfylla aðsókn í þau. Á það sérstaklega við varðandi þau námskeið sem eru í meistaranáminu, en það er sérstaklega mikilvægt að þau séu haldin, sem annars gæti haft seinkun í för með sér á námsframvindu einstakra nemenda.

Á árinu 2013 var töluvert um námskeið bæði fyrir veitufyrirtækin og álverin. Ljóst er að þar er um mikilvægan hóp að ræða sem nauðsynlegt er að sinna vel, enda tengist starfsmannahald þessara fyrirtækja gæðastöðlum þar sem kveðið er á um að hæfni starfsmanna sé haldið í ákveðnu horfi með ákveðinni símenntun sem fer eftir því hvaða hlutverki starfsmaður gegnir innan fyrirtækisins. Í þessu sambandi er verið að skoða það hvort ekki megi brjóta námskeið þau, sem keyrð eru á meistarastigi fyrir rafveituvirkjana, upp í smærri og þá um leið sjálfstæðar einingar.

Einhver dæmi voru um það að námskeið voru ekki haldin á árinu, en þá var það vegna ónógrar þátttöku. Hvað meistaraskólann varðar, þá hefur skólinn litið framhjá þeim þætti þar sem það hefði getað haft í för með sér tafir á námslokum einstakra nemenda.

**Tafla 2. Aðsókn að Meistaraskóla rafvirkja**

Rafvirkjar	2010	2011	2012	2013
<b>Nemendur</b>	21	29	31	35
<b>Útskrifaðir</b>	24	25	20	23
<b>Ný-löggildingar hjá MVS</b>	25	19	19	22

Heimild: Rafiðnaðarskólinn og Mannvirkjastofnun

Sem fyrr, þá hafa atvinnuleitendur kost á því að sækja námskeið í Rafiðnaðarskól-  
anum og er það stutt ákvörðun Rafiðnaðarsambandsins í kjölfar efnahagsáfallsins  
2008 og afleiðinga þess. Hefur félagsmönnum okkar sem nýtt hafa sér þetta  
úrræði sem betur fer fækkað og er mjög litið sótt um þetta.

Aðsókn í meistaraskóla rafvirkja dróst nokkuð saman á árinu, og hefur það haldist í  
hendur við almenna fækkun námskeiða (tafla 1.). Það sem af er þessu ári (2014)  
hefur aðsókn þó verið góð en þó sækja félagsmenn frekar í styttri námskeiðin og  
ekki eins mikil aðsókn í meistaranámið, sem að kannski má skýra með því að með  
aukinni eftirspurn eftir vinnuafli, sem einhver hörgull er á, gefi menn / konur sér  
ekki eins mikinn tíma til námskeiðahalds. Í töflu 2 hér að framan má sjá hvernig  
þróunin hefur verið í meistaranámi rafvirkja.

Hvað varðar aðsókn í meistaranám rafeindavirkja þá hefur hún ekki verið með sama hætti og voru t.d einungis 3 sem stunduðu það á síðasta ári og 2 útskrifuð-ust sem þó var fækkun frá árinu á undan. Er af skólans hálfu reynt að virkja þá í báðum hópunum, sterkstraums og veikstraums, sem tekið hafa sér hlé frá náminu og ýtt á þá að klára það, en oft er um sárafá námskeið að ræða.

Sem fyrr þá leitast Rafiðnaðarskólinn við að uppfylla þær kröfur sem að gerðar eru til námskeiðshalds til þess að uppfylla þarfir félagsmanna og hefur það verið talsvert rætt hvernig auka megi framboðið en þó með það í huga að sem minnst skörun sé á milli námskeiða. Var í því sambandi mikið rætt innan stjórnar skólans hvernig best megi virkja eftirmenntunarnefndirnar til þessa verks en það má segja að sé framhaldsumræða frá árinu á undan. Er þá einkum lítið til þess hvernig nýta megi nútíma tækni til að auðvelda þeim störfum og eins til að gera starf þeirra skilvirkara.

### Ályktanir á starfsárinu

#### 4.4.2014

##### Ályktun miðstjórnar vegna kaupaukakerfis fjármálaráðherra

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands mótmælir harðlega framkomnu frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 þar sem kveðið er á um að heimilt verði að greiða kaupauka til starfsmanna fjármálafyrirtækja upp á tvöföldun árslauna. Það er stjórnvöldum til háborinnar skammar að leggja línu um slíka óráðsú innan fjármálafyrirtækja. Sé horft til launaþróunar undanfarinna ára sést greinilega að launaskrið innan þessara fyrirtækja hefur verið mjög mikið í samanburði við laun á hinum almenna vinnumarkaði.

Stjórnvöldum er í lófa lagið að draga úr misskiptingu í samfélaginu en það verður ekki gert með slíkum öfgum í aðra átt! Réttara væri að nýta allt mögulegt svigrúm til þess að hækka laun á almennum vinnumarkaði í stað slíkrar óráðsú!

Það er ekki boðlegt að stjórnvöld fari fram með þessum hætti þegar almennt launafólk þessa lands leitar leiða til þess að skapa stöðugleika með hóflegum launahækkunum. Slíkt verður ekki gert aftur ætli stjórnvöld að vera í fararbroddi í vegferð gegn stöðugleika.

Hvetur miðstjórn RSÍ fjármálaráðherra að breyta frumvarpi sínu á þann hátt að bónusar eða kaupaukar geti ekki orðið umfram hefðbundna bónusa sem mögulega þekkjast í kjarasamningum, að öðrum kosti að beita sér fyrir því að slíku kaupaukakerfi verði komið á hjá almennum launþegum hið fyrsta!

#### 7.12.2013 Ályktun vegna stöðu kjarasamninga

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands harmar þá ákvörðun Samtaka atvinnulífsins að hafna mögulegri leið til að ná breiðri sátt á íslenskum vinnumarkaði. Í því ljósi er augljóst að stöðugleiki mun að öðru óbreyttu ekki verða til staðar sökum ákvörðunar þeirra. Við það verður ekki unað að fyrirtækjum einum verði veitt það svigrúm að



deila út launahækkunum til óskilgreinds hóps sem þeir telja heppilegan. Í kjarasamningum á að nýta allt mögulegt svigrúm til þess að hækka laun með almennri hækkun þannig að sú hækkun nái til allra launþega.

Í launakönnun sem RSÍ lét gera fyrir septembermánuð sést greinilega að svokallað launaskrið á dagvinnulaunum okkar fólks hefur verið 3,9% en þar af var launahækkun kjarasamninga upp á 3,25%. Þetta þýðir að launaskrið umfram kjarasamninga var aðeins 0,65%. Ef horft er yfir allan markaðinn þá sést greinilega að launaskrið hefur almennt verið 6,1% á milli ára og því ljóst að aðrir hópar hafa notið launaskriðs umfram rafiðnaðarmenn.

Ætli aðilar að byggja á stöðugum grunni þá þurfa atvinnurekendur að auka aga í sínu baklandi áður en þeir benda á launþegana. Atvinnurekendur hækka gjaldskrár óheft með tilheyrandi verðbólgu. Launþegar þurfa að hækka sína verðskrá í kjarasamningum með aðkomu sömu aðila og hækkuðu verðlagið!

### 5.5.201 Ályktun vegna kjaraviðræðna

Sambandsstjórnarfundur RSÍ, haldinn dagana 3. og 4. maí, lýsir yfir áhyggjum vegna stöðu efnahagsmála hér á landi. Mikil óvissa er framundan á ýmsum sviðum. Nú þegar nýtt Alþingi kemur saman, með nýrri ríkisstjórn, óskum við eftir auknu samstarfi við að leita leiða til þess að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði í tengslum við gerð nýrra kjarasamninga.

Afar mikilvægt er að stjórnvöld, Alþingi Íslendinga og vinnumarkaður vinni að stöðugleika, enda er lág verðbólga leið til aukins kaupmáttar. Það verður ekki við það unað áfram að launahækkningar brenni upp á verðbólguþáli og skili launþegum ekki kaupmáttaraukningu. Vinna þarf að lausnum til lengri tíma og stuðla þar með að agaðri efnahagsstjórn.

### 5.5.2013 Ályktun um verðlagseftirlit

Sambandsstjórnarfundur Rafidnaðarsambands Íslands (RSÍ), haldinn á Akureyri dagana 3. og 4. maí 2013, lýsir yfir fullum stuðningi við verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands. Fundurinn telur þá aðferðafræði sem notuð er við eftirlitið uppfylla allar kröfur sem nauðsynlegar eru til þess að geta áttað sig á breytingum á vöruverði. Bornar eru saman upplýsingar af verðmerkingum verslana sem eru þær upplýsingar sem neytendur eiga að geta treyst í einu og öllu. Þrátt fyrir að ákveðnir aðilar í verslun telji ekki nægilegt að skrá það verð niður. Fráleitt er að neytendum sé gert að sæta þeim vinnubrögðum að annað verð sé birt á hillu en það sem síðan birtist á kassakvittun, enda ekki í samræmi við lög.

RSÍ hvetur Alþýðusambandið til þess að starfrækt sé virkt verðlagseftirlit. Leggja skal aukna áherslu á að gera kannanir í þeim verslunum sem ekki vilja að slíkt sé gert. Það er réttur neytenda að vita hvaða verslanir hafa áhrif á verðbólgu landsins sem síðan kemur til hækkunar á skuldum landsmanna. Okkur ber að gera hvað við getum til þess að rjúfa vítahring verðbólgunnar!

